



Hreppsnefnd 26.02.2009

Hreppsnefndarfundur verður haldinn fimmtudaginn 26. febrúar 2009 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00

Mætt til fundar: Anna Pála Víglundsdóttir, Ólafur K. Ármannsson, Halldóra S. Árnadóttir, Eyjólfur Sigurðsson, Björn Halldórsson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Þórdís Þorbergsdóttir.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 12. feb. sl.
Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

2. mál Fundargerð fræðslunefndar frá 11. feb. sl.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. mál Þriggja ára áætlun Vopnafjarðarhrepps 2010-2012 - Síðari umræða. Jafnframt bréf Samgönguráðuneytis frá 16. feb. sl. varðandi fjárhagsáætlanir. Nánari gögnum verður dreift á fundinum.

Lögð fram þriggja ára áætlun ásamt greinargerð sveitarstjóra með henni.

Jafnframt lagt fram bréf samgönguráðuneytisins frá 16. feb. sl., varðandi áætlanagerð.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirliggjandi gögnum og lýsti helstu markmiðum í fyrirliggjandi áætlun. Þá fór hann yfir greinagerðina sem fylgir áætluninni og þar kom m.a. fram að:

“Framundan eru miklir óvissutímar í peninga -og atvinnumálum. Erfitt er því að spá með mikilli vissu um það hvað framundan er. Í áætlun þessari er stígið varlega til jarðar. Ekki er gert ráð fyrir því að ráðist verði í stórfenglegar fjárfestingar á áætluartímabilinu. Ákvörðun þessi er tekin af tvennum ástæðum, má þar fyrst nefna að framkvæmdir sveitarfélagsins hafa verið mjög miklar á umliðnum árum miðað við heildarfjárhag þess. Lokið er við stóra áfanga í skóla- og leikskólumálum og einnig hefur verið lokið við gríðarlega áfanga í uppbyggingu hafnarinnar. Auk þessa hefur verið unnið að margvíslegum öðrum verkefnum er lúta að því að bæta þjónustu við íbúa sveitarfélagsins og styðja undir aukið öryggi í atvinnumálum til framtíðar. Í öðru lagi býður sú snarpa kreppa sem við erum að upplifa þessa dagana ekki upp á væntingar um möguleika sveitarfélaga almennt til þess að afla fjár til framkvæmda.

Hér er því valin sú leið að lágmarka fjárfestingar og einbeita sér frekar að því að greiða niður lán með veltufé frá rekstri og einnig með sölu eigna. Ennfremur mun sveitarfélagið leggjast af krafti á árar við það að efla atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu í samvinnu við einstaklinga og fyrirtæki sem vinna að eflingu atvinnulífs.

Áætlað er að HB Grandi muni vinna að verulegri uppbyggingu í fiskiðjuveri sínu á staðnum.

Fyrirtækið áætlað að byggja nýja fiskimjölsverksmiðju, mjölgeymslur og rafskautahús á tímabilinu.

Ennfremur hefur vegagerðin boðið út framkvæmdir við lagningu vegar frá Þjóðvegi eitt og niður til Vopnafjarðar. Ráðgert er að þessar framkvæmdir verði unnar á árunum 2009-2012. Gangi þessi

áform eftir má því segja að verklegar framkvæmdir verði miklar í sveitarfélaginu þrátt fyrir að

framkvæmdir sem kostaðar eru af sveitarfélaginu verði lágmarkaðar. Í raun má því segja að það sé

einmitt lag núna til þess að draga úr framkvæmdum sveitarfélagsins og einbeita sér að því að

lækka skuldir, sé þess nokkur kostur. Eigi vel að takast til í þeim efnum er brýnt að stjórnvöldum

takist að koma böndum á verðbólgu drauginn sem tröllríður öllu samfélaginu í dag þ.a. mörg hin

efnilegustu fyrirtæki landsmanna riða til falls.

Með því að draga úr fjárfestingum eins og að framan er lýst er ráðgert að unnt verði að lækka

skuldir talsvert á tímabilinu.

Ennfremur er þess vænst að atvinnutækifæri muni aukast á tímabilinu og verða fjölbreytilegri. Slík þróun er þó ávallt háð því að auðlindirnar gefi og að unnt verði að nýta þær með eðlilegum hætti bæði til lands og sjávar.

Í áætluninni sem hér liggur fyrir er ráðgert að verja 25 m. kr. nettó á ári hverju til fjárfestinga. Á sama tíma er ráðgert að selja eignir að markaðsvirði 90 m.kr. á ári. Eignir þær sem hér um ræðir eru fyrst og fremst hlutabréf sem fyrirtækið á í HB Granda og einnig er rétt að geta þess að í eigu sveitarfélagsins eru tvö lögbýli Þorbrandsstaðir I og II, sem eiga veiðihlunnindi í Hofsa. Í áætluninni er gert ráð fyrir að hreint veltufé frá rekstri nægi vel fyrir þeim fjárfestingum sem hér eru settar fram og gott betur. Það sem eftir stendur af hreinu veltufé ásamt verðmætum sem fást fyrir sölu eigna gengur síðan til niðurgreiðslu lána. Hér er því gerð tillaga um að greiða niður lán mun hraðar en greiðsluáætlun lánamassa sveitarfélagsins gerir ráð fyrir. Gangi þessi áætlun eftir munu heildarskuldir sveitarfélagsins lækka verulega á tímabili áætlunarinnar og þar með fjármagnskostnaður. Lætur nærri að niðurgreiðslur lána séu um 100 m.kr. á ári umfram það sem reiknaðar afborganir eru miðað við heildarlán sveitarfélagsins eins og þau eru. Skuldir á íbúa lækka úr um það bil 1.000 þús. kr. í um það bil 500 þús. kr. á áætlunartímanum. Þetta mun leiða til þess að sveitarfélagið verður í framtíðinni mun betur sett í því að sinna skyldum sínum við íbúana en raunin er á. Að sjálfsögðu er það alltaf álitamál hversu hratt á að ganga fram í því að selja eignir og greiða niður skuldir. Um slíkt verða að sjálfsögðu teknar nákvæmari ákvarðanir við gerð fjárhagsáætlunar hvers árs. Meginmarkmið eru þó sett fram í þessari áætlun um að selja eignir sem tengjast ekki beint skyldurekstri sveitarfélaga og lækka verulega skuldir til framtíðar.“
Að yfirferð sinni lokinni lagði hann síðan til að fyrirliggjandi áætlun ásamt greinargerð yrði samþykkt. Fram fór nokkur umræða um fyrirliggjandi áætlun þar sem fundarmenn lýstu almennt ánægu með framkomna áætlun, en jafnframt voru nefndarmenn sammála um að aðstæður í þjóðfélaginu væru með þeim hætti að afar erfitt væri að vinna áætlun sem þessa.

Að afloknum umræðum var þriggja ára áætlun 2010-2012 ásamt greinargerð samþykkt samhljóða.

Óskaði varaoddviti, Anna Pála Víglundsdóttir er leiddi fund, eftir að 6. mál á dagskrá verði tekið fyrir næst á eftir 3. máli og var það samþykkt samhljóða.

4. mál Bréf Skipulagsstofnunar dags. 13. feb. sl., varðandi byggingu fiskimjölsværksmiðju. Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar frá 13. feb. sl. varðandi byggingu fiskimjölsværksmiðju. Gerði sveitarstjóri nánar grein fyrir málinu og lagði til að sér yrði falið að svara Skipulagsstofnun með viðeigandi hætti.

Var sú málsmeðferð samþykkt samhljóða.

Jafnframt samþykkt að vísa erindinu til kynningar í skipulagsnefnd.

5. mál Bréf Skipulagsstofnunar dags. 20. feb. sl. varðandi deiliskipulag hafnar- og miðsvæðis Vopnafirði.

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar frá 20. feb. sl. varðandi deiliskipulag hafnar– og miðsvæðis. Í bréfinu er tilkynnt að Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagstillögunnar í B-deild Stjórnartíðinda. Sveitarstjóra falið að auglýsa tillöguna og undirrita endanlegan uppdrátt.

Vísað til kynningar í skipulagsnefnd.

6. mál. Orkuveita Vopnafjarðar - Kynning -

Lögð fram gögn til kynningar á hugsanlegri fjarvarmaveitu fyrir Vopnafjörð.

Ólafur Ármannsson, sem ásamt fulltrúa Héðins h/f hefur unnið að þróun hugmyndar þessarar, gerði grein fyrir framlögðum gögnum og hvernig hugsunin væri að standa að málum.

Að afloknum umræðum fundarmanna, sem lýstu miklum áhuga á því að verkefni þetta yrði unnið og þróað frekar var samþykkt að vinna að áframhaldandi þróun þessa verkefnis.

Sveitarstjóra og Ólafi Ármannssyni var falið að hafa forgöngu um þá vinnu.

Að aflokinni umræðu um málið vék Ólafur að fundi.

7. mál. Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga varðandi aðalfund sjóðsins 13. mars n. k.

Lagt fram bréf Lánasjóðs Sveitarfélaga frá 10. feb. sl, varðandi aðalfund sjóðsins sem haldinn verður 13. mars nk. í Reykjavík.

Samþykkt að oddviti, sem fulltrúi sveitarfélagsins, sæki fundinn.

8. mál Bréf sjávarútvegsráðuneytisins varðandi umsóknir um byggðakvóta 2008/2009.

Lagt fram bréf sjávarútvegsráðuneytisins varðandi byggðakvóta 2008/2009.

Jafnframt kynnt drög að umsókn, sem sveitarstjóri hefur unnið.

Sveitastjóra falið að senda umsóknina.

9. mál. Bréf SSA frá 10. feb. sl. varðandi framlög til ÚÍA.

Lagt fram bréf frá SSA, dags. 10. feb. sl., varðandi framlög til ÚÍA.

Vopnafjarðarheppur samþykkir tillögu um framlög eins og lagt er til í bréfi SSA, enda muni önnur sveitarfélög á svæðinu einnig gera það.

10. mál. Búnaðarfélag Vopnafjarðar bréf dags. 19. feb. sl. varðandi tilnefningu í stjórn

Bústofnsleigusjóðs.

Lagt fram bréf Búnaðarfélags Vopnafjarðar, þar sem tilkynnt er að Björn Halldórsson hefur verið tilnefndur af Búnaðarfélaginu í stjórn Bústofnsleigusjóðs.

Stjórn sjóðsins skipa því: Sigríður Bragadóttir, Gunnar Pálsson, tilnefnd af hreppsnefnd og Björn Halldórsson, tilnefndur af búnaðarfélaginu.

11. mál. Ýmis bréf og erindi.

a) Atvinnuleysisráning á Austurlandi 24. febrúar 2009. Í gögnum þessum kemur fram að atvinnulausir í heild á Austurlandi eru 439, þar af eru 274 karlar og 165 konur. Af þessum fjölda eru 26 á Vopnafirði þar af 22 karlar og 4 konur.

b) Flugstoðir, bréf dags. 17. feb. sl., varðandi flugslysæfingu.
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:20